Nd. **732. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sauðfjárbaðanir (þingskj. 441).

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndarinnar.

Máli þessu var visað til landbúnaðarnefndarinnar, og hefir hún nú rætt það, en eigi getað orðið á eitt mál sátt um frumvarpið. Meiri hlutinn leggur það til, að frumvarpið sje samþykt með nokkrum breytingum.

Aðalbreytingarnar eru tvær að efni til. Önnur er sú, að þar sem ákveðið er í frumvarpinu, að stjórnarráðið feli Búnaðarfjelagi Íslands að annast um árlega pöntun á baðlyfjum fyrir landið, og ákveða, hvaða baðlyf skuli notuð, þá vill nefndin, að sjórnarráðið sjálft annist um þetta, og þá að sjálfsögðu með ráði og aðstoð dýralæknisins í Reykjavik. Dýralæknirinn stendur undir stjórnarráðinu, og getur það því látið dýralæknirinn útvega baðlyfin, og það því fremur, sem það er dýralæknanna að þekkja hinar ýmsu baðlyfstegundir, og hverjar af þeim muni hentugastar til notkunar hjer á landi. En Búnaðarfjelagið hefir engum slíkum mönnum á að skipa. — Að þessari breytingu á frumvarpinu lúta fjórar fyrstu breytingartillögurnar.

Hin aðalefnisbreytingin, eða fimta breytingartillagan miðar að því, að draga úr eftirlitskosnaðinum við böðunina. Nefndin eða meiri hluti hennar álítur, að eigi sje bein þörf á svo kostnaðarsömu eftirliti sem ráðgert er í 6. gr. frumvarpsins. Mönnum yfir nöfuð trúandi til að hafa baðlöginn með þeim styrkleika, sem ákveðin er í notkunarreglum baðlyfjanna, og þá eigi síður hins, að baða alt sitt fje. — Það virðist því nægilegt, að fela hreppsnefndum, og bæjarstjórnum að sjá um, að sauðfjárbaðanirnar fari fram á þeim tíma, sem til er tekið í lögunum, og samkvæmt þeim reglum, er um það verða settar, og það eftirlit telur nefndin, að vel megi una við, þó eigi sje lengra farið.

Allir eru nokkurnveginn á eitt mál sáttir um það, að þrifaböðun sauðfjár sje góð og gagnleg, bæði fyrir þrif fjárins og ullarvöxtinn. Hins vegar eru þeir margir, sem ekki kannast við þessa gagnsemi í verkinu, og vanrækja að baða fje sitt. Fyrir því er það eigi að ófyrirsynju, að óskað hefir verið eftir, að lögskipaðar væru almennar baðanir á sauðfje. Og með tiliti til þess, og skýrskotun til nefndarálits efri deildar um málið (þingskj. 341), ræður meiri hlnti landbúnaðarnefndarinnar til þess, eins og áðnr er sagt, að frumvarpið með breytingartillögunum verði samþykt.

Alþingi 4. sept. 1913.

Eggert Pálsson, formaður.	Sigurður Sigurðsson, skrifari.	Kristján Jónsson.